

# Reikningsskilaráð ríkisins

19. Fundur – 9. maí 2018 kl. 09:00

## FUNDARGERÐ

### Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, Margrét Björk Svavarsdóttir og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason og Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 18. fundar samþykkt.

### 2. Innleiðingaráætlun

Lögð fram drög að innleiðingaráætlun og þau rædd. Mikilvægt að í innleiðingaráætlun sé vísun í hvaða reikningskilastaðlar eiga við hverju sinni. Rætt hvað á að vera meðtalið í innleiðingaráætlun og hversu ítarlegt. Reikningsskilaráð samþykkir endanlega innleiðingaráætlun og rök þurfa að liggja fyrir af hverju er verið fresta ákveðnum stöðlum.

### 3. Reikningsskilastaðlar, framhaldsumræða

Tengist umræðu um lið nr. 2.

### 4. Ríkisreikningur 2017.

Miðað er við að drög að rekstrar- og efnahagsreikningi liggi fyrir um miðjan júní. Búið að loka 60 fjárlagaliðum af 400. Afstemming eignakerfis gengur hægt og ársreikningsforrit hefur þurft endurbóta. Krafa ráðuneytisins er að ríkisreikningur geti legið fyrir 4. september nk. en ljóst er að það er mjög metnaðarfullt markmið.

### 5. Skýrsla KPMG um meðferð fjárfestingarframlaga í reikningsskilum ríkisins.

Farið yfir skýrslu KPMG um um meðferð fjárfestingarframlags í bókhaldi ríkisstofnana. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar sem létu vinna skýrsluna fóru yfir helstu niðurstöður hennar. Í aðalatriðum kemur þar fram að álit KPMG sé að færslumeðferð sem fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur mælt með sé ekki í samræmi við þá reikningsskilastaðla sem eigi við. Fram komu athugasemdir við gerð skýrslunnar, þ.e. hvernig hún var unnin án nokkurs samráðs við ráðuneytið eða Fjársýsluna auk þess sem gefnar grunnforsendur hennar sem ráði niðurstöðum séu rangar. Ákveðið að boða til aukafundar í ráðinu þar sem farið verður ítarlega yfir skýrsluna.

### 6. Önnur mál.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.

Auka fundur boðaður miðvikudaginn 16. maí kl. 9:00

Næsti almenni fundur boðaður miðvikudaginn 6. júní kl. 9:00